

Aðalfundur Strandveiðifélagsins KRÓKS

haldinn á Patreksfirði 17. september 2016

Tillögur 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Króks leggur til að tilhögun þeirra vistvænu strandveiða sem nú eru stundaðar verði 4 dagar í viku í 4 mánuði með 4 rúllur.
2. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að greiðsla veiðigjalds verði fært til fyrra horfs. Þeir greiði gjaldið sem eru handhafar veiðiheimildanna.
3. Krókaveiðar á makríl verði frjálssar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði að lágmarki 16%.
4. Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
5. Að smærri útgerðir án vinnslu greiði ekki veiðigjöld.
6. Aðalfundur Strandveiðifélagsins KRÓKS skorar á sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarhrepp að sjá til þess að reglur um úthlutun byggðakvóta verði sanngjarnar og tryggi að sem flestir fái úthlutað byggðakvóta og að hann nýtist allur.
7. Aðalfundur KRÓKS skorar á stjórnvöld að heimila löndun á hvítlúðu enda sé ekki um beina sókn að ræða.
8. Aðalfundur Strandveiðifélagsins KRÓKS fagnar hinni miklu uppbyggingu í laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum Aldrei fyrr hefur orðið svo mikil fjárfesting á svæðinu á jafn stuttum tíma en fjárfestingar fyrirtækjanna hlaupa á milljörðum. Öll umgjörð eldisins er skv. ströngustu kröfum

sem gerðar eru í heiminum í dag. Uppbyggingin hefur fjölgað atvinnutækifærum og íbúum á svæðinu. Í kringum laxeldið er fjöldi afleiddra starfa og hefur hin hraða uppbygging t.d. rennt tryggari stoðum undir rekstur smábátaútgerða þar sem sjómenn hafa fleiri atvinnutækifæri á þeim tímum sem ekki er róíð.